

Fimmti fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn fimmtudaginn 15. janúar klukkan 19:30 á heimili Ingibjargar Jónasdóttur að Stapaseli 12.

Dagskrá:Kristín Bjarnadóttir var með umfjöllun í anda þemaðs okkar: Stærðfræðilæsi – hugmyndir í námskrám fyrir og nú og PISA rannsóknin. Anh-Dao var með Orð til umhugsunar.

Fundarsetning:Eftir að Ingibjörg hafði boðið konur velkomnar á heimili sitt setti Árný Elíasdóttir fund og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Þær fjórar konur sem við erum að bjóða í deildina komu á fundinn og bauð Árný þær sérstaklega velkomnar. Þær eru: Edda Pétursdóttir, grunnskólakennari við Melaskóla, Hildur Jóhannesdóttir, skólastjóri leik- og grunnskólans Dalskóla, Edda Vikar, sálfræðingur starfandi hjá Barnaverndarstofu við innleiðingu PMT foreldrafærni á landsvísu, Soffía Sveinsdóttir, IB stallari og efnafræðikennari við Menntaskólann við Hamrahlíð. Margrét sagði okkur frá ánægjulegri heimsókn þeirra Pálínu til Sigrúnar Aðalbarnardóttur eldri í tilefni 90 ára afmælis hennar. Síðan var nafnakall. Alls sóttu 24 konur fundinn.

Fundinn sátueftirtaldir félagar í Gammadeild: Anh Dao Train, Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Helga Thorlacius, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Skarpéðinsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir kennslukona, Krístrún Ísaksdóttir, Margrét Jónsdóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir.

Anh Dao flutti orð til umhugsunar– Hún deildi með okkur broti af því sem hún hefur verið að lesa vegna undirbúnings fyrir doktorsritgerðina sína, smábroti um kennslu og hlutverk kennara. Hún fjallaði um Paulo Freire, brasilíska kennslufræðing sem skrifaði bókina *Teachers as Cultural Workers: Letters to Those Who Dare Teach*. Freire skýrir hugtakið *kennslu* hlutverk kennarans, ekki aðeins sem það að kenna heldur líka að læra. Kennslan er ánægjuleg og gleðirík iðja, en á sama tíma mjög krefjandi. Hún krefst alvöruhefni, vísindahugsunar, hjartnæmni og tilfinningalegs undirbúnings. Freire segir að við eigum að þora svo við getum haldið áfram að kenna við viðvarandi ástand; við vitum vel að launin eru lág og virðingin lítil en við eigum samt að halda áfram, þrátt fyrir að við myndum græða meira á að missa móðinn og stunda aðra iðju.

Kristín Bjarnadóttir fjallaði um *Stærðfræðilæsi – hugmyndir í námskrám fyrir og nú og PISA-rannsóknina*. Kristín talaði út frá persónulegri reynslu í kennslu sem spannar frá árinu 1965 eða nærri hálfri öld. Hún ræddi einnig um hvernig námskrár hafa þróast og niðurstöður PISA. Erindi Kristínar var bæði fróðlegt og skemmtilegt. Hér verður stiklað á stóru úr erindi hennar:

Hugtakið læsi vísar til getu nemenda til að beita þekkingu sinni og hæfni í lykilgreinum og til þess að greina, skilja og tjá á skilvirkan hátt lausnir á ýmsum vandamálum í mörgum mismunandi aðstæðum. Stærðfræðilæsi í PISA mælir getu einstaklinganna til að setja fram, nota og túlka stærðfræði á margskonar vegu. PISA er alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn.

Kristín ræddi um þróun námskráa en löngum var litið svo á að eiginleikar eins og rökvísi þroskaðist af sjálfu sér í glímunni við heppileg dæmi en hennar var lítt getið í námskrám. Námskrár í stærðfræði fyrir gagnfræðastigið voru rýrar mest alla 20. öld.

Árið 2000 sótti Kristín fyrst ráðstefnu um stærðfræðimenntun ásamt Kristínu Höllu Jónsdóttur og Friðriki Diego. Ráðstefnan var haldin í útborg Tokyo og aðalfyrirlesari var Mogens Niss, prófessor við Háskólann í Hróarskeldu. Mogens var einn þeirra sem mótaði stærðfræðihluta PISA-rannsóknarinnar. Ári síðar, 2001, var Kristín orðin doktorsnemi í stærðfræðimenntun hjá Mogens.

Hinn fræðilegi rammi PISA byggist á hugtakinu læsi. Að öðlast læsi er ævilangt ferli sem gerist ekki eingöngu í skóla eða í formlegu námi heldur líka gegnum samskipti við fjölskyldu, jafningja, starfsfélaga og með þátttöku í ýmsum samfélagslegum athöfnum.

Kristín velti upp þeirri spurningu hvort þekking kennara skipti máli. Árin 1953-1972 luku 26 kennarar Bakkalárprófi í stærðfræði eða eðlisfræði. Venslin milli inntaksþekkingar kennara, mæld með námsgráðum þeirra, og árangurs nemenda í landsprófi 1967-1973, var skoðuð í sex tilvikum. Í fjórum skólum höfðu kennarar B.A. próf í stærðfræði. Athuginin sýndi betri árangur nemenda hjá B.A.

kennurum. Kennaraháskólinn tók ekki að brautskrá nemendur með B.Ed.-gráðu og kjörsvið í stærðfræði fyrr en 1974.

Kristín nefndi að til að efla stærðfræðilæsi þurfi kennarar að búa yfir staðgóðri stærðfræðikunnáttu, þurfi að þjálfast í að leiða umræður nemenda og að nemendur þurfi að fá æfingu í að færa rök og ræða um stærðfræði, skýra hugsun sína og sjá hlutina í stærra samhengi. Einnig bendir margt til að Sókrates-aðferðin sé gagnleg í stærðfræðikennslu. Nemandinn er leiddur til að átta sig á eigin villum og finna rétta svarið sjálfur. Kennarinn fer úr hlutverki dómara um rétt og rangt en stundum leyfir tími og tillit til annarra uppeldispátta ekki að þeirri aðferð sé beitt. Eftir fróðlegt erindi Kristínar Bjarnadóttur gæddum við okkur á ljúfum veitingum.

FundarlokÁrný færði Kristínu og húsráðanda rós sem þakklætisvott fyrir þeirra framlag til fundarins. Kristínu þakkaði hún fróðlegan og skemmtilegan fyrirlestur og Ingibjörgu fyrir einstaklega hlýlegar móttökur.

Fundargerð skráði Björk Einisdóttir.